

Áhrif mismunandi hugtakanotkunar á viðhorf almennings

Viðar Halldórsson, prófessor í félagsfræði, Háskóli Íslands

Útdráttur

Pólítískri orðræðu er stýrt með notkun tungumálsins. Stjórnámamenn miðla skilaboðum, beint og óbeint, í gegnum tungumálið í þeim tilgangi að auka stuðning og skapa sátt við pólitískar hugmyndir og aðgerðir. Með þessum hætti beita stjórnámamenn ákveðnum skilgreiningum og hugtökum frekar en öðrum til að lýsa og „merkja“ fyrirbæri í orðræðunni. Þau hugtök sem stjórnámamenn halda uppi í almennri umræðu þarf því að greina í félagslegu og pólitísku ljósi. Þessi grein byggir á orðræðugreiningu á hugtakanotkun stjórnámamanna sem unnin var úr spurningalistakönnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands. Þar var skoðaður munur á viðhorfum almennings til þriggja (mis)mikilvægra málefna í íslenskum samtíma, þar sem einn hópur fékk spurningu um málefni með „hlutlausu“ hugtaki en annar hópur fékk spurningu um sama málefni með „gildishlöðnu“ hugtaki. Tilgáturnar gerðu ráð fyrir að hlutlausari hugtök hlytu meiri stuðning heldur en gildishlönari hugtök. Nánar tiltekið var spurt um viðhorf til: a) lögleiðingar *spilahalla* eða *spilavíta* hér á landi; b) setningu *veggjalda* eða *vegtolla* á þjóðvegum landsins; og c) nýrra laga um *þungunarrof* eða *fóstureyðingar*. Niðurstöðurnar sýndu að viðhorf til málefna þriggja voru mismunandi en bentu jafnframt til þess að hugtakanotkun skipti ekki miklu máli í þessu samhengi. Lítil og ómarktækur munur var á viðhorfum svarenda til lögleiðingar spilahalla eða spilavíta, sem og til laga um þungunarrof eða fóstureyðingar (tengslin voru frekar í öfuga átt við það sem spáð var), en marktækur munur kom fram á viðhorfum svarenda sem studdu frekar setningu veggjalda en vegtolla. Niðurstöðurnar benda til þess að útbreiðsla hugtaka og hugtakalæsi almennings skipti máli í þessu samhengi.



Icelandic Review of Politics and Administration Vol. 16, Issue 2 (105–124)

© 2020 Contact: Viðar Halldórsson, vidarh@hi.is

Article first published online December 17th 2020 on <http://www.irpa.is>

Publisher: Institute of Public Administration and Politics, Gimli, Sæmundargötu 10, 102 Reykjavík, Iceland

Stjórnámál & stjórnsýsla 2. töl. 16. árg. 2020 (105–124) Fræðigreinar

© 2020 Tengiliður: Viðar Halldórsson, vidarh@hi.is

Vefbirting 17. desember 2020 - Birtist á vefnum <http://www.irpa.is>

Útgefandi: Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála, Gimli, Sæmundargötu 10, 102 Reykjavík

DOI: <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2020.16.2.2>

This work is licensed under a Creative Commons Attribution 3.0 License.

Efnisorð: Félagsfræði þekkingar; orðræðugreining; viðmiðabinding; hugtakalæsi.

The effects of neutral versus value-laden concepts on public attitudes

Abstract

Politicians deliver their messages through the use of language with the intention of creating public support for their ideas and actions. Politicians, therefore, apply certain concepts, in preference to others, to mark certain phenomena in a specific way in the common discourse. Therefore, concepts utilized by politicians need to be analyzed critically from a sociological and political perspective. This paper is built on a political discourse analysis of the strategic “normalization” of political concepts by Icelandic politicians. The Social Science Research Institute at the University of Iceland conducted a questionnaire survey on the attitudes of Icelanders towards three debated issues in contemporary Icelandic society: the legitimization of casinos, ways to finance major road constructions, and new laws on the abortion rights of women. To account for the effects of the politicians’ utilization of concepts, half of the respondents received a question with a “neutral” concept and the other half got a question with a “value-laden” concept on each of the issues. The hypotheses assumed that the more neutral concepts would gain more general support than the more value-laden concepts. The results indicate that the attitudes towards the three issues were mixed and, furthermore, that the use of different concepts does not seem to make much of a difference, since only one hypothesis was supported, whereas the other two were rejected. It can also be argued that the circulation of concepts and the conceptual literacy of the public are important issues in this context.

Keywords: Sociology of knowledge; political discourse; normalization; conceptual literacy.

Inngangur

„Takmörkun tungumálsins afmarkar heimsýn mína.“

(Wittgenstein [1921]/2001, 5.6)¹

Pólítísk orðræða mótar og stýrir almennri umræðu (Foucault 1973; van Dijk 2002). Tungumálið gegnir þar lykilhlutverki því skilaboðum stjórnmálamanna er miðlað gegnum tungumálið í þeim tilgangi að vekja athygli á, auka stuðning við, eða skapa sátt við pólítískar hugmyndir og aðgerðir stjórnmálamanna og annarra áhrifahópa innan samfélaga (Perinbanayagam 2018). Tungumálið mótar jafnframt hugsanir og viðhorf fólks sem sýnir sig í því að fólk með ólík tungumál hefur mismunandi skilning á sömu fyrirbærum (Bloom 1981; Hoffman, Lau & Johnson 1986; van Dijk 2002; Vigotsky 1962). Veruleikinn er því félagslega skapaður (Berger & Luckmann [1967]/1991). Þar af leiðir að stjórnmálamenn beita ákveðnu tungutaki, og nota tilteknar skilgreiningar og hugtök

öðrum fremur til að lýsa og „merkja“ fyrirbæri á viðeigandi hátt, í þeim tilgangi að skapa ákveðin hugrenningatengsl meðal borgaranna, hugmyndum og málum sínum til framdráttar (Chong & Druckman 2007; Freedman 2013, 433-56; Zerubavel 2018). Með þessum hætti byggir slík orðræða á aðgengi að valdi þar sem þeir sem völdin hafa geta haft áhrif á hvaða hugtakanotkun er beitt um málefni, fest í lög og þannig öðlast sess til lengri tíma sem raunveruleg merking fyrirbærisins (Foucault [1969]/1982; Merton [1945]/1996; White 2007). Tungumálið og hugtökin sem stjórnámálmennt koma á framfæri í almennt umræðu, sem og í lagasetningum, þarf því að greina í félagslegu og pólitísku ljósi.

Þessi grein byggir á orðræðugreiningu (e. discourse analysis) stjórnámálanna og tekur með þeim hætti fyrir þrjú dæmi um hvernig íslenskir stjórnámálmennt hafa með markvissum hætti beitt tilteknum hugtökum til að lýsa ákveðnum fyrirbærum um (mis)mikilvæg málefni samtímans með það fyrir augum að hafa áhrif á viðhorf almennings til málefna. Nánar tiltekið, leitast greinin við að greina viðhorf almennings til þriggja málefna eftir því hvort notast er við „hlutlaust“ eða „gildishlaðið“ hugtak í spurningunum um málefni (sjá Chong & Druckman 2007). Málefni þrjú snúa að: 1) hvort leyfa eigi *spilaballir* eða *spilavíti* á Íslandi; 2) hvort stuðningur sé við setningu *veggjalda* eða *vegtolla* á þjóðvegum landsins; og 3) hvort svarendur séu fylgjandi nýlegum lögum um *þungunarrof* eða *fóstureyðingar*. Markmið greinarinnar eru því annars vegar að greina viðhorf almennings til málefna þriggja sem um ræðir, og hins vegar að kanna hvort munur sé á viðhorfum almennings til málefna eftir því hvaða hugtökum er beitt í spurningunum hverju sinni.

Gögnin sem notast er við eru úr könnun sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands sendi út fyrir höfund greinarinnar á netpanelhóp stofnunarinnar í byrjun árs 2020. Spurt var um viðhorf til þeirra þriggja málefna sem nefnd eru hér að framan og fengu þátttakendur af handahófi mismunandi hugtök í sömu spurningunum. Þ.e. helmingur svarenda fékk til að mynda spurningu þar sem spurt var um hvort leyfa ætti *spilavíti* á Íslandi og fékk hinn helmingur svarenda spurningu um hvort leyfa ætti *spilaballir* á Íslandi. Leitast var við að skoða hvort almennari og síður gildishlaðin hugtök nytu meiri stuðnings svarenda en hugtök sem hafa þrengri og neikvæðari blæ eða merkingu. Lagt var upp með eftirfarandi tilgátur:

- Meiri stuðningur er við að leyfa *spilaballir* hér á landi heldur en *spilavíti*
- Meiri stuðningur er við setningu *veggjalda* á þjóðvegum landsins heldur en *vegtolla*
- Meiri stuðningur er við nýleg lög sem víkkuðu rétt kvenna til *þungunarrofs* heldur en *fóstureyðinga*

1. Hugtakanotkun orðræðunnar

Félagsfræði þekkingar (e. sociology of knowledge) er leiðardæmi innan félagsfræðilegra kenninga sem byggir á þeirri grunnhugmynd að veruleiki okkar mannfólksins sé félagslega byggður (Berger & Luckmann [1967]/1991). Í gegnum hversdagslegar venjur lærum við hvernig við sjáum heiminn, skiljum hann, túlkum hann og hegðum okkur í

honum. Lærð hegðun mótar veruleika okkar og því getur veruleiki eins verið frábrugðinn veruleika annars. Menningarlegur munur milli hópa verður því enn áþreifanlegri en ella þar sem mismunandi þekking verður til og er viðhaldið, frá einum stað til annars. Félagsfræði þekkingar beinir því sjónum að hinum félagslega uppruna þekkingar:

Rekja má uppruna félagsfræði þekkingar til þeirrar merku tilgátu að jafnvel sannindi ættu að teljast byggð á félagslegum grunni og tengd sögu þess samfélags sem þau eru sprottin úr (Merton [1945]/1996, 207).²

Félagsfræðingar á borð við Durkheim ([1915]/1965), Mead ([1934]/1972), Foucault (1973) og Bourdieu ([1983]/1991) hafa til að mynda bent á hvernig tungumálið spilar lykilhlutverk í félagslegri byggingu veruleikans þar sem við skynjum og hugsum um heiminn, meðvitað og ómeðvitað, í gegnum þau orð og hugtök sem eru ráðandi í menningunni hverju sinni. Orð og orðskilningur gerir okkur mannfólkinu því kleift að tjá okkur, eiga samskipti og skilgreina okkur sjálf og veruleikann í kringum okkur. Hugtökin sem við gefum fyrirbærum eiga sér rætur í sameiginlegum menningar- og reynsluheimi fólks sem notast við sömu hugtök yfir sömu fyrirbæri. Þeir sem skilja og tala sama tungumál og/eða koma úr sama menningarheimi, mótast því á svipaðan hátt af notkun tungumálsins og hafa því oft svipaða sýn á veruleikann. Merking hugtaka er því skýrari og sameiginlegri meðal þeirra sem tala sama tungumál heldur en annarra (Vigotsky 1962). Í gegnum tungumálið, og þau hugtök sem við gefum fyrirbærum og beitum svo í daglegu tali, öðlumst við ákveðinn skilning á fyrirbærum.

Michael Polanyi hefur í þessu samhengi fjallað um hvernig maðurinn getur ekki einöngungu treyst á sjálfan sig til að afla sér þekkingar heldur þarf hann að treysta öðrum aðilum, og þá oft á tíðum félagslegum stofnunum, fyrir áreiðanlegum og réttmætum upplýsingum um ýmis málefni (Polanyi [1959]/2014). Michel Foucault hélt því enn fremur fram að tungumálið væri aldrei hlutlaus miðill heldur stjórnaðist orðræða tungumálsins alltaf af valdaskipulagi samfélaga. Framleiðsla þekkingar væri þannig í höndum þeirra sem hefðu vald og aðgang að þekkingu og miðluðu henni út í samfélagið þar sem hún dreifist um félagsleg net þar til hún verður almenn og viðurkennd. Slík viðmiðabinding tungumálsins (e. normalization of language) felur í sér að í gegnum félagslega ferla formbindast hugmyndir um hvað sé rétt og eðlilegt í gegnum tungumálið (Foucault [1975]/1979). Með þessum hætti festast ákveðin orð og hugtök í sessi og fara að virka sem náttúrulegar og gefnar staðreyndir um fyrirbæri, frekar en félagslega mótaðar hugmyndir ráðandi afla (Foucault [1975]/1979; Galbraith 1962). Hugtökin sem við notum til að skilgreina veruleikann má þannig líta á sem útsmogið pólitískt afl (Chong & Druckman 2007; Polanyi [1958]/1998). Orðræðan sem mynduð er skilyrðir borgarana til ómeðvitaðrar hlýðni með því að setja fram skilgreiningar og viðmið um hegðun og viðhorf þeirra, en jaðarsetur á sama tíma þá sem gangast ekki við þessum viðmiðum (Durkheim [1938]/1962; Foucault 1973; White 2007). Félagsleg viðmið (e. social norms), eins og myndast í gegnum tungumálið, gegna þannig mikilvægu hlutverki í að viðhalda ríkjandi valdajafnvægi/valdaójafnvægi samfélaga (Zerubavel 2018).

Í staðleysuskáldsögu sinni *1984* lýsti bandaríski rithöfundurinn George Orwell því hvernig ráðandi öfl breyttu tungumálinu úr gamlensku (e. Oldspeak) í nýlensku (e. Newspeak) í þeim tilgangi að hafa áhrif á hugsun og heimssýn borgaranna. *Nýlenskan* var með þessum hætti tilraun stjórnvalda til að stjórna hugsun almennings með því að breyta merkingu orða (e. thought control), deyfa hefðbundin hugsanatengsl orða og hugtaka, og þrængja sýn í takt við vilja ráðandi stjórnvalda.

Orðaforði B samanstóð af orðum sem höfðu verið mynduð gagnert í pólitískum tilgangi: þ.e. orðum sem ekki bara lumuðu sí og æ á einhvers konar pólitískri tengingu eða tilvísun, heldur gegndu beinlínis því hlutverki að þröngva æskilegum skoðunum og viðhorfum upp á notendur sína (Orwell [1949]/2003, 347).³

Þessi skáldskapur Orwells frá miðri síðustu öld stillir upp frekar ógnvekjandi mynd af því hvernig stjórnvöldum er í lófa lagið að (mis)nota tungumálið í pólitískum tilgangi með þeim hætti að móta skynjun og skilning borgaranna til stuðnings við ráðandi hugmyndir (Perinbanayagam 2018; Zembylas 2010). Stjórnmalámennt fóru, frá og með sjöunda áratug síðustu aldar, að nýta sér tungumálið með markvissari hætti en áður (Chong & Druckman 2007; Freedman 2013, 436) og hafa hagsmunaverðir stjórnmalámennta (e. lobbyist) meðal annars lagt til að stjórnmalámennt noti einfalt og hversdagslegt mál í þeim tilgangi að ná sem breiðastri samstöðu um málefni (Zetter 2014). Mörg þeirra hugtaka sem búin eru til eða er haldið markvisst fram af stjórnmalámenntum geta þannig skotið rötum í tungumálinu, fest sig í sessi – með beinum og óbeinum hætti (Polanyi [1958]/1998) – og öðlast með því móti réttmæti í hugum fólks um að fyrirbærið tákni/merki nákvæmlega „þetta“ en ekki „eitthvað annað.“ Hugtökin eru því takmarkandi, því að á sama tíma og við öðlumst ákveðinn skilning á fyrirbærum í gegnum hugtök, takmarka hugtökin einnig skilning okkar á þessum sömu fyrirbærum. Howard S. Becker hefur í þessu samhengi enn fremur bent á að það að skilgreina fyrirbæri út frá tilbúnum hugtökum hefur þær afleiðingar að þrængja sýn á viðfangsefni og koma hugtökin sem slík því jafnvel í veg fyrir heildrænni skilning okkar á þessum sömu viðfangsefnum (2007, 214). Við eigum því oft erfitt með að sjá út fyrir það sem hugtökin sjálf fela í sér og skilja þannig meira en okkar lærði skilningur á hugtökunum segir okkur fyrir um. Af þessu leiðir að hugtökin sem við smíðum um fyrirbæri móta skynjun okkar og skilning, en geta að sama skapi takmarkað skilning okkar á þessum tilteknu fyrirbærum. Í almennri orðræðu geta hugtök því nýst sem nokkurs konar vopn í pólitískum og hugmyndafræðilegum átökum milli hópa í umræðu um ákveðin fyrirbæri. Edelman heldur því fram að ef ekki væru átök um merkingu hlutanna, sem byggja jafnan á ólíkum hagsmunum og vantrausti milli hópa samfélagsins, væru málefni í eðli sínu ekki pólitísk (1988, 104). Það skiptir því máli hvaða nafni hlutir eru kallaðir (Becker 2007).

Orðræðan er mótuð af því félagslega og pólitíska samhengi sem ríkir hverju sinni og getur orðræðan því öðlast táknað lögmatí og áunnið sér sess sem réttmæt lýsing á fyrirbærum. Tungumálið endurspeglar þannig jafnan hugmyndir þeirra sem valdið hafa

(Bourdieu [1983]/1991; Foucault [1975]/1979; Lessig 1995; Zerubavel 2018) og hefur til að mynda verið notað til að styðja ríkjandi hugmyndir um yfirráð karla yfir konum (Lessig 1995), yfirráð hvíttra yfir svörtum (White 2007), og ófatlaðra yfir fötludum (Zerubavel 2018) svo dæmi séu tekin. Með þeim hætti fá sum orðin í tungumálinu sérstaka merkingu (e. marked) til merkis um að þau séu frávik frá hinu eigindlega á meðan önnur orð eru ómerkt (e. unmarked) til marks um að þau tákni eðlilegt ástand – til dæmis hvernig við notum orðið *maður* sem norm og *kona* sem frávik frá norminu (Zerubavel 2018). Orð og hugtök virka því sem nokkurs konar kóðuð skilaboð (e. coded text) og fá þannig félagslega merkingu (e. social meaning) sem gagnast einum málstað fremur en öðrum (Chong & Druckman 2007; Khoo 2017; Lessig 1995).

Með þessum hætti verða sum hugtök gildishlaðin (þ.e. orð sem eru hlaðin aukinni merkingu) en önnur ekki. Gildishlaðin hugtök eru að finna víða í orðræðunni eins og til dæmis þegar talað er á niðrandi hátt um jaðarhópa samfélagsins – og bent hefur verið á í því sambandi að hræðslu- og hatursorðræða hafi aukist á undanförnum árum þar sem ýmsar hreyfingar gera markvisst út á gildishlaðna orðræðu í garð ýmissa minnihlutahópa eins og flóttamanna og innflytjenda svo dæmi séu tekin (Chomsky 2018; Gore 2017; Revelli 2019). Í þeim tilgangi að draga úr misrétti, kúgun, fordómum og félagslegri stimplun hefur réttindabarátta nútímans skorað margar þessar venjur tungumálsins á hólum. Þess er krafist að venjubundin orðnotkun notist ekki við gildishlaðin orð og hugtök sem kunna að viðhalda kerfisbundnu misrétti ýmissa hópa innan nútíma samfélaga. Af þessu leiðir að endurinnrömmun hugtaka getur falið í sér félagslegar breytingar (Freedman 2013, 434).

Málefni er jafnan hægt að skoða frá mörgum hliðum og hafa Chong og Druckman (2007) fjallað sérstaklega um hvernig stjórnmálamenn nýta sér tungumálið með markvissum hætti til þess að ramma orðræðuna inn á ákveðin hátt í þeim tilgangi að hafa áhrif á viðhorf borgaranna (e. framing effects). Stjórnmálamenn geta því nýtt sér slíka innrömmunartækni til að endurskilgreina málefni með nýjum hugtökum, og jafnvel í jákvæðara ljósi en tíðkast, til að mynda í lagafrumvörpum (sjá einnig Fairhurst 2011; Goffman 1974). Hvort umrætt hugtak virkar jákvætt eða neikvætt á fólk, hvort það er á einhvern hátt gildishlaðið eða ekki getur því skipt miklu máli ef litíð er til afstöðu fólks til málefnisins. Þannig geta hefðbundin málefni með neikvæða skírskotun endurbirst í umræðunni sem jákvæð þar sem gefið er til kynna að þau geti falið í sér ný tækifæri. Samtal ráðandi aðila, sem og stjórnmálamanna við almenning fer fyrst og fremst fram í gegnum fjölmiðla. Ráðandi aðilar reyna því að hafa áhrif á orðræðuna í gegnum fjölmiðla með því að miðla til þeirra „réttu“ hugtökunum yfir fyrirbæri sem gagnast þeim í umræðunni hverju sinni, en fjölmiðlar samkvæmt Hermann og Chomsky (1988) spila jafnan með þeim sem völdin hafa og miðla því orðræðu stjórnmálanna til almennings.

Til þess að greina merkingu, tilgang og afleiðingar pólitískrar hugtakanotkunar hafa fræðimenn notast við orðræðugreiningu (e. political discourse analysis) (van Dijk 2002). Pólitísk orðræðugreining felur í sér að leitast er við til að skoða og greina skilaboð stjórnmálamanna í gegnum tungumálið með fjölbreyttum hætti (Dunmire 2012). Hagsmunaaðilar í stjórnmálum hér á landi – í víðri merkingu þess orðs – beita jafnan pólitískri hugtakanotkun í almennri umræðu um hin ýmsu málefni, meðal annars með því að búa til

ný hugtök um fyrirbæri sem þekktari hafa verið undir öðrum nöfnum, væntanlega með það að markmiði að hafa áhrif á viðhorf almennings til málefna. Til að mynda reyna flutningsmenn lagafrumvarpa gjarnan að afmarka hugtök sem talin eru neikvætt gildishlaðin á hlutlausari hátt en jafnan er gert með því að gefa þeim ný nöfn og setja í nýjan búning til að auka stuðning og ná almennri sátt um frumvörpin. Í þessari grein verður leitast við að kanna hvort endurskilgreining hugtaka, og/eða meðvitund hugtakanotkun stjórnmálanna, hafi áhrif á viðhorf almennings til nokkurra álitamála íslensks samtíma með því að greina viðhorf til sömu málefna út frá spurningum þar sem mismunandi hugtökum er beitt, annars vegar almennara hugtaki og hins vegar gildishlaðnara hugtaki.

2. Aðferð, breytur og gagnagreining

Til að skoða viðhorf almennings til nokkurra samfélagslegra álitamála, sem og að meta áhrif mismunandi hugtakanotkunar á viðhorf almennings var framkvæmd spurningalista-könnun úr þýði íslensku þjóðarinnar. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands sá um framkvæmd könnunarinnar í byrjun árs 2020.⁴ Nánar tiltekið, fór gagnaöflun fram 11. febrúar til 8. mars og náði könnunin til 1954 meðlima í netpanel Félagsvísindastofnunar; byggt var á lagskiptu tilviljunarúrtaki. Alls bárust 987 svör og var þátttökuhlutfall því 50,5%.

Könnunin byggir á mælingum á viðhorfum til eftirfarandi þriggja þátta: afstöðu svarenda til spilahalla/spilavíta; veggjalda/vegtolla; og til þungunarrofs/fóstureyðinga. Aðferðin sem notast er við byggir á einföldu tilraunasniði þar sem upprunalega úrtaki könnunarinnar var skipt í tvennt fyrir hvern spurningaflokk, sem mynduðu þannig tvo tilraunahópa í hverjum spurningaflokki og fékk annar hópurinn spurningu með „hlutlausu“ hugtaki en hinn hópurinn fékk spurningu með „gildishlöðnu“ hugtaki.⁵

Spilahallir/spilavíti

Fjárhættuspil eru gjarnan stunduð í svokölluðum spilavítum. Nútímamálsorðabók stofnunar Árna Magnússonar skilgreinir *spilavíti* sem skemmtistaði þar sem fjárhættuspil eru stunduð (Íslensk nútímamálsorðabók 2020a). Viðskeytið *víti* stendur í þessu samhengi fyrir merkinguna *hefvíti*. Spilavíti má því í sögulegu ljósi túlka sem neikvætt gildishlaðið hugtak þar sem margir fara halloka við slíka iðju sem getur leitt til spilafíknar og ýmissar mannlegrar ógæfu (Adams 2007). Orðið spilahöll er aftur á móti ekki að finna í íslenskum orðabókum. En viðskeytið *höll* merkir jafnan stórhýsi í orðabókum. Það er því talsverður munur á hugtökunum *víti* og *höll* í þessu samhengi. Á löggjafarþingi Alþingis árin 2014 – 2015 stóðu þrettán þingmenn að frumvarpi til laga um lögleiðingu slíkrar starfsemi hér á landi, þar sem spiluð eru fjárhættuspil sem áttu að eiga sér stað innan spilahalla en ekki spilavíta (Frumvarp til laga um spilahallir 2015). Því er spurt annars vegar um viðhorf almennings til þess að leyfa spilahallir og hins vegar að leyfa spilavíti:

1. Hversu fylgjandi eða andvíg/ur ertu því að leyfa spilahallir (spilasali þar sem spiluð eru fjárhættuspil) hér á landi? (N=475)
2. Hversu fylgjandi eða andvíg/ur ertu því að leyfa spilavíti (spilasali þar sem spiluð eru fjárhættuspil) hér á landi? (N=497)

Veggjöld/vegtollar

Talsverð umræða hefur að undanfögnu átt sér stað um hvernig eigi að fjármagna ýmsar vegaf framkvæmdir á þjóðvegum landsins. Í umræðunni hefur annars vegar verið rætt um setningu *veggjalda* og hins vegar um setningu *vegtolla* til að standa straum af slíkum kostnaði. Í skýrslu Stjórnarráðsins um málefnið frá 2019 er til að mynda mælt með setningu veggjalda í þessu samhengi fremur en vegtolla (Stjórnarráð Íslands 2019). Vegtollar eru einungis nefndir í skýrslunni þegar dæmi eru tekin af fjármögnun vegaf framkvæmda annarra þjóða en ekki hér innanlands. Í orðabókum er iðulega talað um gjöld sem borgun fyrir verk eða sem skatt, en tolla sem gjald sem lagt er á vöru sem flutt er á milli ríkja (Íslensk nútímamálsorðabók 2020b). Hugtökin hafa því að upplagi ólíka orðabókarmerkingu. Íslensk Samheitaorðabók greinir hugtökin þó aftur á móti sem samheiti (Svavar Sigmundsson 2012). Það er því ekki alltaf greinanlegur munur á þeirri hugtakanotkun sem beitt er þegar rætt er um gjöld eða tolla. Það kann að vera að almenningur tengi hugtakið tollur í þessu samhengi við svokallaða tollheimtumenn eða uppsetningu tollahliða á þjóðvegum landsins (e. tollbooths) eins og þekkjast sums staðar erlendis, sem virkar meira afgerandi aðgerð heldur en hugtakið veggjöld sem hefur almennari merkingu í orðræðunni. Því er leitast við að athuga hvort það skipti máli hvort talað er um veggjöld eða vegtolla í þessu samhengi með eftirfarandi spurningum:

- a) Hversu fylgjandi eða andvíg/ur ertu setningu veggjalda á þjóðvegum Íslands? (N=483)
- b) Hversu fylgjandi eða andvíg/ur ertu setningu vegtolla á þjóðvegum Íslands? (N=472)

Þungunarrof/fóstureyðing

Um mitt ár 2019 voru samþykkt á Alþingi ný lög sem víkka út rétt kvenna til að binda endi á eigin meðgöngu. Í lögnum, sem og í orðræðu í kringum lagasetninguna var gjarnan talað um nýyrðið *þungunarrof* í stað hefðbundna hugtaksins *fóstureyðing* – en það hugtak er meðal annars notað þegar slíkrar þjónustu er krafist á heimasíðu Landlæknis (Landlæknir 2020). Frumvarpið tekur sérstaklega fram að breyta þurfi hugtakinu; tala ekki um fóstureyðingu, sem er að mati frumvarpsins gildishlaðið hugtak með harðneskjulegan og neikvæðan blá, heldur taka upp hugtakið þungunarrof, sem þykir hlutlausara (Frumvarp til laga um þungunarrof 2019, 3). Hugtakið þungunarrof er þó til að mynda ekki að finna í Nútímamálsorðabók stofnunar Árna Magnússonar. Því er leitast við að athuga hvort það skipti máli hvort talað er um þungunarrof eða fóstureyðingar í þessu samhengi með eftirfarandi spurningum:

- a) Hversu fylgjandi eða andvíg/ur ertu nýlegum lögum sem víkkuðu rétt kvenna til þungunarrofs, úr 16 vikum í 22 vikur? (N=464)
- b) Hversu fylgjandi eða andvíg/ur ertu nýlegum lögum sem víkkuðu rétt kvenna til fóstureyðinga, úr 16 vikum í 22 vikur? (N=471)

Til að prófa fyrrnefndar tilgátur sem lögðu upp með að meiri stuðningur væri við: að leyfa *spilaballir* hér á landi heldur en *spilavíti*, setningu *veggjalda* á þjóðvegum landsins heldur en *vegtolla*, og lög sem víkkuðu rétt kvenna til *þungunarrofs* heldur en *fóstureyðinga*, fengu þátttakendur í könnuninni sömu spurningu með mismunandi hugtaki. Með hliðsjón af ofangreindu var til dæmis helmingur úrtaksins spurður hvort leyfa ætti *spilaballir* og helmingur var spurður hvort leyfa ætti *spilavíti*. Þetta var gert í þeim tilgangi að meta hvort orðalag hugtaksins hefði áhrif á viðhorf til málefnsins. Spurningarnar sex (um málefnið þrjú) voru allar mældar á 7 punkta radkvarða með svarkostunum: algjörlega fylgjandi, mjög fylgjandi, frekar fylgjandi, hvorki fylgjandi né andvíg/ur, frekar andvíg/ur, mjög andvíg/ur, algjörlega andvíg/ur. Svarendur fengu spurningar í handahófskenndri röð.


Jafnframt var notast við eftirtaldir bakgrunnsbreytur við frekari greiningu gagnanna: *kyn* (1=kk, 2=kvk), *aldur* (1= 18-29 ára, 2= 30-44 ára, 3= 45-59 ára, 4= 60 ára og eldri), *búseta* (1=höfuðborgarsvæði, 2= landsbyggð), *menntun* (1= grunnskólamenntun, 2= framhaldsskólamenntun, 3= háskólamenntun), *fjölskyldutekjur* (1= 400.000 kr. eða lægri, 2= 401-600.000 kr., 3= 601-900.000 kr., 4= 901-1.300.000 kr., 5= hærri en 1.300.000 kr.), og *stjórnmalaskoðun*, sem mæld var með spurningunni „Í stjórnmalum er stundum talað um hægri og vinstri. Hvar myndirðu staðsetja þig á kvarða frá 0 til 10, þar sem 0 er lengst til vinstri og 10 lengst til hægri?“ (0-10).

Gögnin voru greind með: lýsandi tölfræði, til að gera grein fyrir stöðunni; fjölbreytu aðhvarfsgreiningu, til að greina frekar samband ýmissa bakgrunnsbreyta við stuðning við málefnið sem og hvort hugtakanotkun í spurningum hafi áhrif á samböndin; og t-prófum, til að meta hvort munur væri á viðhorfum ýmissa þjóðfélagshópa til málefna eftir mismunandi hugtakanotkun í spurningunum.

3. Niðurstöður

3.1 Stuðningur við málefnið

Stuðningur við málefnið þrjú sem spurt var um í könnuninni; hvort leyfi eigi spilaballir/spilavíti hér á landi, hvort stuðningur sé við setningu veggjalda/vegtolla á þjóðvegum landsins, eða hvort stuðningur sé við lög um þungunarrof/fóstureyðingar sem tóku gildi árið 2019, reynist mismunandi (Mynd 1).



Mynd 1. Viðhorf til málefna þriggja. Hlutfall svarenda sem voru fylgjandi, hlutlausir, eða andvígir

Eins og sjá má á Mynd 1 þá er mestur stuðningur er við ný lög um þungunarrof/fóstureyðingar þar sem í kringum 55% svarenda eru þeim fylgjandi en um fjórðungur eru lögunum andvígir. Á milli 25-30% svarenda eru fylgjandi setningu veggjalda/vegtolla á þjóðvegum landsins en hátt í 60% andvígir. Ríflega 13% svarenda eru svo fylgjandi lögleiðingu spilahalla/spilavíta hér á landi á meðan um 70% svarenda eru því andvígir.

Þegar stuðningur við málefnið er greindur frekar (með fjölbreytu aðhvarfsgreiningu) má sjá að það eru helst karlar ($b=.160/b=.250$), þeir sem yngri eru ($b=.195/b=.337$) og þeir sem staðsetja sig á hægri væng stjórnmálanna ($b=-.154/b=-.255$) sem eru fremur fylgjandi lögleiðingu spilahalla/spilavíta hér á landi heldur en aðrir, sama hvort hugtakið var notað í spurningunni (sjá Töflu 1). Þeir sem styðja setningu veggjalda/vegtolla á þjóðvegum landsins eru helst þeir sem hafa miklar heimilistekjur ($b=-.199/b=-.118$). Höfuðborgarbúar ($b=.104$) og þeir sem skilgreina sig á hægri væng stjórnmálanna ($b=-.104$) eru auk þess ívið líklegri til að styðja setningu veggjalda en aðrir, en aftur á móti eru þeir sem eru með meiri menntun ($b=-.159$) líklegri en aðrir til að styðja setningu vegtolla á þjóðvegum landsins (sjá Töflu 2). Að lokum má sjá að það er almennt frekar yngra fólk en eldra sem styður ný lög um þungunarrof/fóstureyðingar ($b=.266/b=.412$). Jafnframt eru þeir sem hafa meiri menntun ($b=-.253$) sem og þeir sem skilgreina sig á miðju eða vinstri væng stjórnmálanna ($b=.167$) líklegri til að styðja lög um þungunarrof, en þeir tekjuhærri ($b=-.143$) eru aftur á móti líklegri til að styðja lög um fóstureyðingar (sjá Töflu 3).

Tafla 1. Niðurstöður aðhvarfsgreiningar úr spurningum um hvort leyfa eigi spilahallir/spilavíti

	Spilahallir						Spilavíti					
	B*	Staðalvilla	t	P.	Neðri	Efri	B*	Staðalvilla	t	P.	Neðri	Efri
Fasti		.508	7.789	.000	2.959	4.959	.539	6.064	.000	2.201	4.320	
Kyn	.160	.175	2.977	.003***	.177	.868	.250	.174	4.915	.000***	.514	1.200
Aldur	.195	.081	3.669	.000***	.140	.464	.337	.080	6.745	.000***	.383	.698
Búseta	.022	.182	.412	.680	-.283	.433	.079	.179	1.573	.117	-.071	.635
Menntun	.057	.122	.948	.344	-.125	.356	.010	.114	.188	.851	-.203	.246
Heimilis- tekjur	.031	.070	.516	.606	-.102	.174	-.044	.066	-.805	.421	-.184	.923
Stjórn mála- kvarði	-.154	.038	-2.883	.004***	-.186	-.035	-.255	.038	-4.468	.000***	-.242	-.094

Skýring: $R^2 = .11$, VIF: 1.059-1.358, Tol. < 0.1 . P $< .10$, $** < .05$, $*** < .001$.

Skýring: $R^2 = .25$, VIF: 1.065-1.263, Tol. < 0.1 . P $< .10$, $** < .05$, $*** < .001$.

Tafla 2. Niðurstöður aðhvarfsgreiningar úr spurningum um hvort setja eigi veggjöld/vegtolla

	Veggjöld						Vegtolla					
	B*	Staðalvilla	t	P.	Neðri	Efri	B*	Staðalvilla	t	P.	Neðri	Efri
Fasti		.592	9.180	.000	4.270	6.598	.639	10.327	.000	5.341	7.855	
Kyn	-.031	.203	-.563	.574	-.514	.285	-.013	.208	-.221	.825	-.455	.363
Aldur	-.015	.092	-.273	.785	-.206	.156	-.086	.100	-1,558	.120	-.352	.041
Búseta	.104	.212	1.947	.052*	.004	.830	.053	.211	.945	.345	-.216	.615
Menntun	.026	.139	.440	.660	-.212	.333	-.159	.140	-2,624	.009***	-.645	-.092
Heimilis- tekjur	-.199	.079	-3.341	.001***	-.422	-.109	-.118	.080	-1,891	.060*	-.309	.006
Stjórn mála- kvarði	-.104	.044	-1.911	.057*	-.172	.002	-.048	.045	-.844	.400	-.126	.050

Skýring: $R^2 = .07$, VIF: 1.023-1.274, Tol. < 0.1 . P $< .10$, $** < .05$, $*** < .001$.

Skýring: $R^2 = .08$, VIF: 1.023-1.305, Tol. < 0.1 . P $< .10$, $** < .05$, $*** < .001$.

Tafla 3. Niðurstöður aðhvarfsgreiningar úr spurningum um stuðning við lög um þungunarrof/fóstureyðingar

	Þungunarrof						Fóstureyðingar					
	B*	Staðalvilla	t	P.	Neðri	Efri	B*	Staðalvilla	t	P.	Neðri	Efri
Fasti		.591	4.236	.000	1.340	3.664	.613	2.686	.008	.441	2.854	
Kyn	.064	.197	1.228	.220	-.145	.629	-.056	.209	-1,037	.301	-.627	.194
Aldur	.266	.094	5.132	.000***	.297	.666	.412	.094	7.942	.000***	.564	.936
Búseta	-.025	.201	-0,481	.631	-.492	.299	-.001	.222	-0,015	.988	-.441	.434
Menntun	-.253	.138	-4,349	.000***	-.871	-.329	.016	.137	.281	.779	-.231	.308
Heimilis- tekjur	-.065	.076	-1,131	.259	-.236	.064	-.143	.080	-2,471	.014**	-.354	-.040
Stjórn mála- kvarði	.167	.043	3.223	.001***	.054	.223	.079	.045	1,482	.139	-.022	.156

Skýring: $R^2 = .18$, VIF: 1.073-1.350, Tol. < 0.1 . P $< .10$, $** < .05$, $*** < .001$.

Skýring: $R^2 = .18$, VIF: 1.015-1.285, Tol. < 0.1 . P $< .10$, $** < .05$, $*** < .001$.

3.2 Svör greind eftir mismunandi hugtakanotkun í spurningum

Þegar viðhorf til málefna þriggja eru greind eftir því hvaða hugtökum var beitt í spurningunum, þ.e. hvort notast var við „hlutlaust“ eða „gildishlaðið“ hugtak (sjá Töflu 4), þá má í fyrsta lagi sjá að ekki kom fram marktækur munur á þeim sem tóku afstöðu til þess hvort leyfa ætti spilahallir annars vegar ($M=5.40$, $SE=1.59$) eða spilavíti hins vegar ($M=5.31$, $SE=1.61$) ($t = -0.884$). Tilgátu 1 er því hafnað. Stuðningur við lögleiðingu spilahalla/spilavíta er almennt lítilt samkvæmt niðurstöðunum og svipað hlutfall er fylgjandi og andvíg mállefni, sama hvort hugtakið var notað. Niðurstöðurnar sýna enn frekar að það reyndist ekki vera merkjanlegur munur á neinum hópum í þá áttina að svarendur séu frekar fylgjandi „hlutlaus“ hugtakinu (spilahallir) frekar en því „gildishlaðna“ (spilavíti). Aftur á móti má sjá að það eru marktækt fleiri í hópnum 30-44 ára ($t = -2.537^{**}$) og meðal þeirra sem hafa hæstar tekjur ($t = -2.393^{**}$) sem styðja frekar lögleiðingu spilavíta en spilahalla, þvert á tilgátuna sem lagt var upp með. Með öðrum orðum, mismunandi hugtakanotkun virðist almennt ekki skipta miklu máli þegar svarendur eru spurðir hvort þeir séu fylgjandi eða andvígir því að leyfa spilahallir annars vegar, eða spilavíti hins vegar hér á landi þó svo greina megi mjög veikt (en ómarktækt) samband í öfuga átt við tilgátuna sem sett var fram.

Aftur á móti kemur fram marktækur munur eftir því hvort svarendur eru fylgjandi setningu veggjalda ($M=4.71$, $SE=1.84$) eða vegtolla ($M=5.03$, $SE=1.80$) á þjóðvegum landsins ($t = 2.742^*$), þar sem um 6% fleiri styðja veggjöld umfram vegtolla. Stuðningur við veggjöld fremur en vegtolla er stöðugur meðal nánast allra hópa svarenda og á þeirri forsendu má halda því fram að hugtakið veggjöld hafi breiðari og sterkari stuðning meðal almennings en hugtakið vegtolla. Til dæmis má sjá að marktækt fleiri svarendur af báðum kynjum (kk: $t = 1.984^{**}$; kvk: $t = 1.910^*$), í hópnum 30-44 ára ($t = 3.679^{***}$), þeirra sem eru eingöngu með grunnskólamenntun ($t = 4.339^{***}$), þeirra sem eru með lægstar heimilistekjur ($t = 2.606^{**}$) og þeirra sem skilgreina sig til hægri í stjórnmálum ($t = 2.190^{**}$), voru frekar fylgjandi setningu veggjalda en vegtolla. Niðurstöðurnar staðfesta því tilgátuna sem lagt var upp með.

Að síðustu má sjá að ekki kom fram marktækur munur á þeim svarendum sem tóku afstöðu til þess hvort þeir eru fylgjandi eða andvígir nýjum lögum um þungunarrof annars vegar ($M=3.32$, $SE=1.92$) eða fóstureyðingar hins vegar ($M=3.25$, $SE=2.00$) ($t = -0.549$). Munur á hópnum var um 4,5% þar sem fleiri svarendur voru fylgjandi lögum um fóstureyðingar heldur en þungunarrof, þvert á tilgátuna sem lagt var upp með í upphafi. En þrátt fyrir að ekki komi fram marktækt samband eftir mismunandi hugtakanotkun í spurningunum má engu að síður greina áhugaverðar vísbendingar í niðurstöðunum. Til dæmis má sjá að stuðningur í sumum hópum virðist vera ívið meiri við við lög um fóstureyðingar en við lög um þungunarrof. Þannig virðast karlar ($t = -1.006$), sem og þeir sem skilgreina sig til annað hvort til vinstri ($t = -1.341$) eða hægri ($t = -1.316$) í stjórnmálum vera líklegri til að vera fylgjandi lögum um fóstureyðingar en lögum um þungunarrof. Það eru svo aftur á móti einna helst þeir sem hafa lokið háskólamenntun ($t = 0.864$) sem virðast helst líklegri til að vera fylgjandi nýjum lögum um þungunarrof en fóstureyðingar. Munurinn á hópnum reyndist þó ekki vera tölfraðilega marktækur.

Samantekið þá er tilgátum 1 og 3 hafnað en tilgáta 2 stóðst.

Tafla 4. Niðurstöður t-prófa úr spurningum eftir mismunandi hugtakanotkun

	Spilahallir (N=497)		Spilaviti (N=490)		Veggjöld (N=490)		Vegtollar (N=483)		Pungunarrof (N=470)		Fóstureyðing (N=497)	
	Breyta	M (SD)	M (SD)	t	M (SD)	M (SD)	M (SD)	t	M (SD)	M (SD)	t	
Kyn	Allir	5.40 (1.59)	5.31 (1.61)	-0.884	4.71 (1.84)	5.03 (1.80)	2.742*	3.32 (1.92)	3.25 (2.04)	-0.549		
	Karlar	5.06 (1.74)	4.92 (1.87)	-0.890	4.68 (1.91)	5.02 (1.85)	1.984**	3.27 (1.84)	3.10 (1.83)	-1.006		
	Konur	5.77 (1.32)	5.65 (1.24)	-1.044	4.73 (1.77)	5.04 (1.76)	1.910*	3.37 (2.01)	3.39 (2.22)	.101		
Aldur	18-29	4.85 (1.57)	4.90 (1.43)	.245	4.76 (1.77)	5.18 (1.88)	1.590	2.45 (1.28)	2.43 (1.95)	-0.081		
	30-44	5.19 (1.64)	4.67 (1.74)	-2.537**	4.45 (1.96)	5.31 (1.76)	3.679***	2.90 (1.77)	2.90 (1.92)	.000		
	45-59	5.48 (1.60)	5.65 (1.52)	.847	5.02 (1.74)	4.87 (1.76)	-0.664	3.45 (1.88)	3.57 (1.99)	.474		
60 og eldri	5.91 (1.40)	6.06 (1.26)	.905	4.63 (1.85)	4.73 (1.79)	.435	4.17 (2.09)	4.13 (1.91)	-0.155			
Búseta	Höfuðborg	5.35 (1.64)	5.16 (1.61)	-1.465	4.53 (1.85)	4.88 (1.85)	.034	3.18 (1.94)	3.10 (1.96)	-0.502		
	Landsbyggð	5.49 (1.49)	5.55 (1.58)	.360	5.06 (1.77)	5.28 (1.68)	1.170	3.56 (1.86)	3.54 (2.16)	-0.091		
Menntun	Grunnskóli	5.33 (1.59)	5.41 (1.68)	.415	4.65 (1.97)	5.59 (1.53)	4.339***	3.73 (1.85)	3.60 (2.17)	-0.516		
	Menntaskóli	5.33 (1.63)	5.23 (1.58)	-0.580	4.94 (1.79)	5.03 (1.82)	.463	3.33 (1.89)	3.22 (2.03)	.517		
Fjölskyldu- teklar	Háskóli	5.56 (1.53)	5.35 (1.63)	-1.140	4.59 (1.77)	4.49 (1.88)	.466	2.75 (1.82)	2.94 (1.91)	.864		
	440.000 >	5.41 (1.73)	5.35 (1.35)	-.258	4.83 (1.69)	5.50 (1.69)	2.606**	3.17 (1.86)	3.28 (2.18)	.360		
	401-600.000	5.28 (1.56)	5.53 (1.66)	.271	5.07 (1.87)	5.50 (1.70)	1.474	3.34 (1.89)	3.46 (2.21)	.363		
Fjölskyldu- teklar	601-900.000	5.52 (1.43)	5.53 (1.69)	.041	4.86 (2.00)	5.06 (1.65)	.705	3.45 (1.95)	3.37 (2.23)	-.240		
	901-1.3m	5.45 (1.65)	5.20 (1.62)	-.887	4.46 (1.67)	4.87 (1.86)	1.317	2.95 (1.85)	2.98 (1.79)	.096		
1300.000 >	5.48 (1.62)	4.79 (1.97)	-2.393**	3.93 (1.76)	4.25 (1.92)	1.063	2.79 (1.75)	2.95 (1.86)	.540			
Stjórnmal- kvarði	Vinstri	5.74 (1.40)	5.94 (1.22)	1.142	5.05 (1.74)	5.15 (1.64)	.446	3.07 (1.78)	2.73 (2.01)	-1.341		
	Miðja	5.43 (1.64)	5.41 (1.50)	-.115	4.83 (1.80)	4.87 (1.86)	.195	3.13 (1.84)	3.05 (1.77)	-.395		
	Hægri	4.90 (1.69)	4.65 (2.06)	-.995	4.19 (1.97)	4.76 (1.94)	2.190**	3.68 (2.06)	3.32 (2.00)	-1.316		

*p<.10. **p<.05. ***p<.01

4. Umræður

Niðurstöðurnar á viðhorfum almennings til þeirra þriggja álitamála sem spurt var um í könnun Félagsvísindastofnunar sýna að mestur stuðningur er við ný lög um þungunarrof/fóstureyðingar þar sem ríflega helmingur svarenda er fylgjandi nýju lögnum en um fjórðungur andvígur. Næstmestur stuðningur er við setningu veggjalda/vegtolla á þjóðvegum landsins; um 30% svarenda eru því fylgjandi en hátt í 60% svarenda eru andvígir. Minnstur stuðningur er svo við lögleiðingu spilahalla/spilavíta hér á landi þar sem á milli 13-14% eru málefniinu fylgjandi en um 70% andvígir.

Með tilliti til tilrauna stjórnmalamanna til að viðmiðabinda ákveðin hugtök málum sínum til framdráttar og nota í pólitískri orðræðu (Foucault [1975]/1979) voru niðurstöðurnar greindar eftir mismunandi hugtakanotkun í spurningunum. Almennt sýna niðurstöðurnar að mismunandi hugtakanotkun stjórnmalamanna, þ.e. hvort þeir beiti „hlutlausum“ eða „gildishöðnum“ hugtökum, hefur ekki mikil áhrif á viðhorf almennings. Niðurstöðurnar eru samt nokkuð misvísandi. Til dæmis sýna niðurstöður t-prófa að tilgáta 2 stóðst, þar sem hugtakið veggjöld hafði meiri stuðning en hugtakið vegtollar, en tilgátur 1 og 3 stóðust hins vegar ekki þar sem ekki er marktækur munur á þeim sem eru annars vegar fylgjandi lögleiðingu spilahalla frekar en spilavíta og hins vegar þeim sem eru fylgjandi lögum um þungunarrof fremur en fóstureyðingar. Samböndin í tilgátum 1 og 3 virðast jafnframt stefna í öfuga átt við tilgáturnar sem lagt var upp með. Niðurstöðurnar benda því almennt til þess viðhorf almennings til málefna þriggja séu frekar sterklega mótuð og byggja á gildismati borgaranna útfrá undirliggjandi félagslegum formgerðum (eins og kyni, aldri, búsetu, menntun, tekjum og stjórnmalaskoðunum) fremur en á orðræðu dægurmálanna (sjá Chong & Druckman 2007; Freedman 2013; Lessig 1995). Þannig má til að mynda sjá að samband ýmissa breyta, ádurnefndra bakgrunnsbreyta, við málefni þrjú er frekar stöðugt hvort sem spurt var um hlutlausara eða gildishlaðnara hugtak. Engu að síður má greina áhugaverðar vísbendingar um áhrif mismunandi hugtakanotkunar í gögnunum.

Fyrir það fyrsta þá sýna niðurstöður aðhvarfsgreiningar að stuðningur við lögleiðingu spilahalla/spilavíta er mestur meðal karla, yngra fólks og þeirra sem skilgreina sig til hægri í stjórnmalum, og skiptir þá engu máli hvort hugtakið er notað. Þá sýna niðurstöður t-prófa, sem framkvæmd voru til að meta nánar hvort munur væri á viðhorfum ýmissa þjóðfélagshópa til málefnisins eftir mismunandi hugtakanotkun í spurningunum, að enginn þjóðfélagshópur er líklegri til að vera fremur fylgjandi lögleiðingu spilahalla en spilavíta, eins og tilgátan gerði ráð fyrir, en svarendur á aldrinum 30-44 ára, sem og hæsti tekjuhópurinn eru marktækt líklegri til að vera frekar fylgjandi spilavítum en spilahöllum. Samkvæmt ofangreindu, benda niðurstöðurnar sterklega til þess að það virðist nánast engu máli skipta hvort hugtakið spilahallir eða spilavíti eru notuð í umræðu um málefnið þar sem nánast sami stuðningur mælist við málefnið, sama hvort hugtakið er notað.

Aftur á móti þá kemur fram marktækur munur á svörum við spurningum um setningu veggjalda annars vegar og vegtolla hins vegar, þar sem fleiri eru fylgjandi setningu veggjalda fremur en vegtolla. Niðurstöður aðhvarfsgreiningar sýna að stuðningur við málefnið er mestur meðal þeirra tekjuhærri (sama hvort hugtakið er notað), en íbúar

höfuðborgarsvæðisins og þeir sem skilgreina sig til hægri í stjórnmálum styðja frekar setningu veggjalda á meðan þeir sem hafa meiri menntun styðja frekar setningu vegtolla. Niðurstöður aðhvarfsgreiningar benda þar af leiðandi til þess að mismunandi hugtakanotkun hafi haft einhver áhrif á viðhorf ólíkra hópa til málefnisins. Niðurstöður t-prófa sýna enn frekar að karlar, konur, þeir sem eru á aldrinum 30-44 ára, þeir sem hafa eingöngu lokið grunnskóla, tekjulægsti hópurinn, og þeir sem skilgreina sig til hægri í stjórnmálum styðja allir fremur setningu veggjalda en vegtolla á þjóðvegum landsins. Enginn þjóðfélagshópur styður aftur á móti setningu vegtolla fremur en veggjalda. Niðurstöðurnar eru því afdráttarlausar og sýna að hugtakið veggjöld hefur meiri stuðning heldur en hugtakið vegtollar. Stuðningur við setningu veggjalda umfram vegtolla er í kringum 5,5%.

Að síðustu sýna niðurstöður aðhvarfsgreiningar að það eru helst yngri svarendur sem styðja ný lög um þungunarrof/fóstureyðingar. Þeir svarendur sem hafa meiri menntun sem og þeir sem skilgreina sig til vinstri í stjórnmálum eru líklegri til að styðja lög um þungunarrof en þeir tekjuhæri eru líklegri til að styðja lög um fóstureyðingar. Samkvæmt þessu, gefa niðurstöður aðhvarfsgreiningar til kynna að yngri kynslóðirnar styðji helst málefnið, burtséð frá því hvort hugtakið er notað í umræðunni en ólík hugtakanotkun virðist hafa einhver áhrif á viðhorf annarra hópa. Þegar litið er til niðurstaðna t-prófa vekur það athygli að enginn þjóðfélagshópur er marktækt líklegri til þess að styðja lög um þungunarrof fremur en lög um fóstureyðingar, né heldur til að styðja lög um fóstureyðingar fremur en þungunarrof. Þessar niðurstöður gefa til kynna að mismunandi hugtakanotkun virðist ekki skipta máli í þessu samhengi.

Að því sögðu sýna niðurstöðurnar samt sem áður að um 4,5% fleiri styðja lög um fóstureyðingar fremur en lög um þungunarrof. Þó ekki hafi reynst marktækur munur á hópunum er engu að síður athyglisvert að sambandið virðist, ef eitthvað er, stefna í öfuga átt við það sem spáð hafði verið þar sem gildishlaðna hugtakið virðist njóta ívið meiri stuðnings heldur en hugtakið sem talið var hlutlausara. Af þessu má sjá að karlar og þeir sem stadsetja sig á vinstri eða hægri væng stjórnmálanna, virðast vera ívið líklegri til að styðja lög um fóstureyðingar heldur en lög um þungunarrof (samböndin reyndust þó ekki vera tölfræðilega marktæk). Þessar vísbendingar í niðurstöðunum eru áhugaverðar. Eina hugsanlega skýringu á þessu neikvæða sambandi, sem gengur gegn tilgátunni, má rekja til hugtakalæsis (Chong & Druckman 2007). Þannig má til að mynda sjá að svarendur í sumum hópum sem hvað helst styðja lög um fóstureyðingar (eins og karlar, yngstu aldurshóparnir, þeir sem eru í lægsta tekjuhópnum, og þeir sem skilgreina sig til vinstri í stjórnmálum), eru talsvert ólíklegri til að taka afstöðu til spurningar um þungunarrof (og svara *hvorkei né*) heldur en til spurningar um fóstureyðingar – ólíkt öðrum hópum (sjá Töflu V1 í viðauka). Niðurstöðurnar gefa því til kynna að hugtakið þungunarrof kunni að vera óskýrt eða framandi fyrir suma, mun frekar en hugtakið fóstureyðing, og hafi þar af leiðandi ekki tilætluð áhrif í þá átt að auka stuðning við málefnið. Því getur þekking og reynsla svarenda af þeim málefnum sem eru til umfjöllunar skipt allmiklu máli. Til dæmis er þungunarrof/fóstureyðing veigameiri hluti af reynsluheimi kvenna frekar en karla og því má gera ráð fyrir að karlar séu ólíklegri en

konur til þess að vera meðvitaðir um nýyrðið *þungunarrof*. Skilningur á hugtökum getur þannig verið mismunandi eftir hópum. Niðurstöðurnar benda því til þess að hugtakið þungunarrof sé ekki búið að ná fótfestu í almennri umræðu meðal allra þjóðfélagshópa hér á landi enda eru tilmæli heilbrigðisráðherra um að taka upp hugtakið þungunarrof í stað hugtaksins fóstureyðing nýtilkomin (Frumvarp til laga um þungunarrof 2019). Að því sögðu þá má ítreka mikilvægi þess að skilgreining hugtaka sé öllum skýr og ljós ef almenningur á að geta tekið upplýsta afstöðu til brýnna þjóðfélagsmála (Chong & Druckman 2007). Af þessu leiðir að niðurstöðurnar kalla á frekari spurningar og umræðu um hugtakalæsi almennings, sem og hugtakalæsi ákveðinna þjóðfélagshópa.

Almennt má halda því fram að mismunandi hugtakanotkun í ofangreindum mál-efnum hafi haft lítil áhrif á viðhorf fólks til málefna. Þær niðurstöður koma talsvert á óvart ef litid er til fræðilegrar umfjöllunar um uppruna þekkingar, pólitískrar orðræðu og til markvissra tilrauna stjórnámálanna til að hafa áhrif á viðhorf fólks með því að venjubinda hugtök með þessum hætti (Dunmire 2012; Foucault [1975]/1979; Merton [1945]/1996; Zerubabel 2018). En þó að niðurstöðurnar sýni ekki endilega meiri stuðning við „hlutlausari“ hugtökin en þau „gildishlöðnu“ getur engu að síður hugsast að hlutlausari hugtök mildi afstöðu fólks yfir lengri tíma, þegar hugtökin hafa náð að festast í sessi í almennri orðræðu, hlotið almenna útbreiðslu og eru orðin ráðandi fyrir veruleikann sem þau eiga að lýsa (Chong & Druckman 2007; Kahneman 2011, 59-61). Árangursrík beiting nýrra hugtaka yfir rótgróin málefni kann því að hafa áhrif á viðhorf almennings til lengri tíma lítið, þó að árangur slíkrar viðmiðabindingar hugtaka sé kannski ekki sýnilegur meðan á umskiptaferlinu stendur, þegar nýja hugtakinu er ætlað að taka við af því gamla. Þess vegna getur verið að áætlanir heilbrigðisráðherra um að taka upp hugtakið þungunarrof kunni þegar fram líða stundir að verða árangursríkari til að milda enn frekar viðhorf almennings til málefnisins, svo framarlega sem hugtakið festist í sessi og verði ráðandi fyrir málefnið. Áætlanir þingmanna sem settu fram frumvarp um lögleiðingu spilahalla virðast aftur á móti ekki hafa gengið upp, þar sem stuðningur við málefnið er lítill og hvorki innleiðing hins nýja hugtaks né lög þess efnis hafa gengið eftir, rúmum fimm árum eftir að frumvarpið var lagt fram. Hugtökin gjald og tollur eru aftur á móti rótgrónari í íslensku máli og þrátt fyrir að þau skarist að ákveðnu leyti í almennri orðræðu hafa þau í grunninn ólíka merkingu. Þetta kann að skýra að nokkru leyti marktækan mun á viðhorfum svarenda til þeirra spurninga, eftir mismunandi hugtakanotkun, að þessi hugtök eiga sér lengri sögu, en hin sem spurt var um, og jafnframt að merkingu hugtakanna gjald og tollur má að einhverju leyti túlka á mismunandi hátt.

Einnig má leiða að því líkur að til að ný hugtakanotkun verði venjubundin í orðræðunni þurfi málefnið að hafa breiðan stuðning almennings til að byrja með (Chong & Druckman 2007). Þannig má halda því fram að tilraun Alþingismannanna sem lögðu fram frumvarp um spilahallir hafi mistekist, eins og sjá má á niðurstöðunum, vegna þess að ekki var í grunninn nægur stuðningur almennings við málefnið. Aftur á móti náðist frumvarp um þungunarrof í gegn, enda er mikill stuðningur almennings við málefnið, sem mun væntanlega marka þá línu að hugtakið þungunarrof mun smátt og smátt taka við af hugtakinu fóstureyðing í almennri umræðu um málefnið þegar fram líða stundir.

Þetta bendir til þess að ákvarðanir stjórnvalda séu ekki teknar í félagslegu tómarúmi. Ef málefni eru ekki sprottin úr samfélaginu og/eða hafa breiða skírskotun í samfélaginu (eins og á við um spilahallir frekar en um þungunarrof) getur það reynst valdhöfum erfitt að stýra almenningi af eigin geðþótta með því að setja slík málefni í fallegan búning til þess að ná breiðari samfélagslegri sátt, og koma sínum málum í gegn með þeim hætti (Freedman 2013, 436).

Aftur á móti þá er einnig mikilvægt að setja slíka orðræðugreiningu í víðara samhengi. Það kann að vera að sá mismunandi þungi sem settur er í að ramma málefni stjórnmálanna inn í ákveðinn búning og kynna almenningi hafi mismunandi áhrif á almenning. Þessu til stuðnings má nefna nýleg dæmi úr hinum engilsaxneska heimi stjórnmálanna; þau gefa til kynna að markvissar herferðir stjórnmálaaflla, sem einkennast jafnan af endurtekningu slagorða, auglýsinga og áróðurs, og sem gera jafnvel út á afbökun eða endurskilgreiningu veruleikans, hafi heppnast (Chomsky 2018; Gore 2017; Revelli 2019) – sem staðfestir kannski áhyggjur Orwells. Hins vegar hafa þessar tilraunir íslenskra stjórnmálamanna til að hafa áhrif á viðhorf almennings til málefna þriggja farið frekar hljótt þar sem ekki hefur mátt greina sérstakar herferðir af þeirra hálfu til að hafa bein áhrif á viðhorf almennings í þessum efnum. Því kunna áhrif hugtakanotkunarinnar að vera minni í þeim einstöku dæmum sem tekin voru fyrir hér að framan heldur en í stórum herferðum stjórnmálaafllanna. Það má því kannski frekar halda því fram að pólitísk orðræða eins og hér hefur verið greind skapi samræðugrundvöll milli valdhafa og borgara án þess þó að sú orðræða stjórn borgurunum skilyrðislaust (Krauss & Chiu 1998). Til þess að sátt náist um málefni þurfa þau sem slík að hafa umtalsverðan samfélagslegan hljómgrunn, og virðist þá skipta litlu máli hvaða hugtakanotkun er beitt í orðræðunni heldur fyrst og fremst hvort sátt sé meðal almennings um viðkomandi málefni. Orðræðan kann þó að hafa áhrif á ákveðna hópa fremur en aðra og til lengri tíma fremur en styttri.

Að lokum má nefna helstu takmarkanir rannsóknarinnar. Greiningin hér að framan tekur aðeins fyrir þrjú nýleg dæmi um hvernig stjórnmálamenn beita markvisst hlutlausari hugtökum frekar en gildishlöðnum í íslenskum stjórnmálum. Þessi dæmi þurfa ekki að endurspeglar almenn áhrif hugtakanotkunar stjórnmálamanna hér á landi, eða erlendis, og því er ekkert hægt að alhæfa um áhrifamátt hugtakanotkunar íslenskra stjórnmálamanna útfrá niðurstöðunum. Fleiri rannsóknir þurfa að koma til, sem taka fyrir fleiri dæmi, láta svarendur velja á milli mismunandi hugtaka, sem og skoða áhrif hugtaka á viðhorf almennings yfir lengri tíma (Chong & Druckman 2007). Einnig kann orðalag spurninganna sem notaðar voru í könnuninni (fyrir utan hugtakanotkunina sem fjallað er um í greininni) að hafa skipt máli. Spurningarnar um spilahallir/spilavíti voru til að mynda ítarlegri en spurningarnar um hin málefni þar sem þær innihéldu frekari lýsingu á starfseminni sem spurt var um, sem kann að hafa aukið sameiginlegan skilning svarenda á viðkomandi málefni (burtséð frá hugtakanotkuninni) og þar með dregið úr hugsanlegum mun á svörum við spurningunum á grundvelli mismunandi hugtakanotkunar. Að lokum má geta þess að þó að áhugaverðar vísbendingar hafi komið fram í gögnum, til að mynda varðandi mun á afstöðu ýmissa hópa til málefna þriggja,

reyndust sum tölfræðileg sambönd í þá áttina ekki alltaf marktæk. Það kann að hafa haft áhrif á tölfræðilega marktækt að úrtakinu var í byrjun skipt í tvennt og þegar gögnin eru greind enn frekar, eftir ýmsum bakgrunnsbreytum, þá hefur helmingsskerðing á fjölda svara áhrif á marktæktarútreikninga og gerir kröfu um enn sterkari sambönd milli breyta heldur en í stærri úrtökum. Það gæti því verið mikilvægt í rannsóknum þegar skipta á úrtaki í tvennt eins og gert var hér að byggja á stærra grunnúrtaki í þeim tilgangi að auka áreiðanleika og styrkja niðurstöður ítarlegri greiningar.

Aftanmálgreinar

- 1 Íslensk þýðing höfundar.
- 2 Íslensk þýðing, Rafn Kjartansson.
- 3 Íslensk þýðing, Rafn Kjartansson.
- 4 Könnunin náði alls til 1954 meðlima í netpanel Félagsvísindastofnunar HÍ. Netpanell Félagsvísindastofnunar samanstendur af fólki 18 ára og eldra á landinu öllu sem hefur samþykkt að taka þátt í netkönnunum á vegum stofnunarinnar. Netpanellinn byggist á tilviljunarúrtaki úr þjóðskrá. Söfnun í netpanel á sér stað jafnt og þétt og fylgst er vel með samsetningu hans. Meðal annars er þess gætt að dreifing kyns, aldurs, búsetu, menntunar og tekna sé sem líkust því sem hún er meðal allra landsmanna, 18 ára og eldri. Með því að tryggja gæði netpanelsins með framangreindum hætti er möguleiki á að alhæfa um niðurstöður rannsókna sem byggjast á svörum úr honum og voru gögnin vigtuð eftir kyni, aldri, búsetu og menntun til þess að niðurstöður gæfu sem réttasta mynd af þýði. Allar þýðistöðlur eru fengnar af vef Hagstofunnar.
- 5 Úrtökin fyrir hverja og eina spurningu voru tekin með tilviljunarkenndum hætti. Þ.e. það var háð tilviljun hvort svarandi fékk spurningu um spilahallir eða spilavíti, og svo koll af kalli. Marktæktarpróf sem gerð voru á hópnum í hverjum spurningaflokki sýndu að hóparnir sem svöruðu mismunandi spurningum voru allir sambærilegir og endurspeglu þannig upprunalega úrtakið.

Heimildaskrá

- Adams, P.J. (2007). *Gambling, Freedom and Democracy*. London: Routledge.
- Becker, H.S. (2007). *Telling About Society*. Chicago: Chicago University Press.
- Berger, P. og Luckmann, T. ([1967]/1991). *The Social Construction of Reality: A Treatise in the Sociology of Knowledge*. London: Penguin.
- Bloom, A.H. (1981). *The Linguistic Shaping of Thought: A Study in the Impact of Language on Thinking in China and the West*. Hillsdale, NJ: Erlbaum.
- Bourdieu, P. ([1983]/1991). *Language and Symbolic Power*. Cambridge: Harvard University Press.
- Chomsky, A. (2018). "They Take Our Jobs!" *And 20 Other Myths about Immigration*. Boston: Beacon Press.
- Chong, D. og Druckman, J.N. (2007). „Framing Theory“, *Annual Review of Political Science* 10, 103-126.
- Durkheim, E. ([1915]/1965). *The Elementary Forms of the Religious Life*. New York: Free Press.
- Durkheim, E. ([1938]/1962). *The Rules of the Sociological Method*. Chicago: The Free Press of Glencoe.
- Dunmire, P.L. (2012). „Political Discourse Analysis: Exploring the Language of Politics and the Politics of Language“, *Language and Linguistics Compass* 6(11), 735-751.
- Edelman, M. (1988). *Constructing the Political Spectacle*. Chicago: Chicago University Press.
- Fairhurst, G.T. (2011). *The Power of Framing: Creating the Language of Leadership*. San Francisco: Jossey-Bass.
- Foucault, M. ([1969]/1982). *The Archaeology of Knowledge: And the Discourse on Language*. New York: Vintage Books.
- Foucault, M. (1973). *The Order of Things: An Archaeology of the Human Sciences*. New York: Vintage Books.
- Foucault, M. ([1975]/1979). *Discipline and Punish: The Birth of the Prison*. New York: Vintage Books.
- Freedman, L. (2013). *Strategy: A History*. Oxford: Oxford University Press.

- Frumvarp til laga um spilahallir (2015). Þingskjal 156 – 153. Mál., 144. Lögjafarþing 2014-2015. Sótt af <https://www.althingi.is/altext/144/s/0156.html>
- Frumvarp til laga um þungunarrof (2019). Þingskjal 521 – 393. Mál. Stjórnarfrumvarp, 149. Lögjafarþing 2018-2019. Sótt af <https://www.althingi.is/altext/pdf/149/s/0521.pdf>
- Galbraith, J.K. (1962). *The Affluent Society*. London: Pelican.
- Goffman, E. (1974). *Frame Analysis: An Essay on the Organization of Experience*. Boston: Northeastern University Press.
- Gore, A. (2017). *The Assault on Reason: Our Information Ecosystem, from Age of Print to the Age of Trump*. New York: Penguin.
- Herman, E.S. og Chomsky, N. (1988). *Manufacturing Consent: The Political Economy of the Mass Media*. New York: Pantheon.
- Hoffman, C., Lau, I.Y. og Johnson, D.R. (1986). „The Linguistic Relativity of Person Cognition: An English-Chinese Comparison“, *Journal of Personality and Social Psychology* 51(6), 1097-1105.
- Íslensk nútímamálsorðabók (2020a). *Spilaviti*. Sótt 12. ágúst af <https://islenskordabok.arnastofnun.is/ord/38685>
- Íslensk nútímamálsorðabók (2020b). *Tollur*. Sótt 12. ágúst af <https://islenskordabok.arnastofnun.is/ord/42039>
- Kahneman, D. (2011). *Thinking Fast and Slow*. London: Penguin.
- Khoo, J. (2017). „Code Words in Political Discourse“, *Philosophical Topics* 45(2), 33-64.
- Krauss, R.M og Chiu, C.Y. (1998). „Language and Social Behavior“, í D.T. Gilbert, S.T. Fiske og G. Lindzey (ritstj.), *The Handbook of Social Psychology* (bls. 41-88). New York: McGraw-Hill.
- Landlæknir (2020). *Fóstureyðingareyðublað*. Sótt 12. ágúst af <https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item2211/Fostureydingareydublað%202006.pdf>
- Lessig, L. (1995). „The Regulation of Social Meaning“, *The University of Chicago Law Review* 62(3), 943-1045.
- Mead, G.H. (1972). *Mind, Self & Society: From a Standpoint of a Social Behaviorist*. Chicago: Chicago University Press.
- Merton, R.K. ([1945]/1996). *On Social Structure and Science*. Chicago: Chicago University Press.
- Orwell, G. ([1949]/2017). *Nineteen Eighty-four*. London: Penguin.
- Perinbanayagam, R. (2018). *The Rhetoric of Signs*. Bloomington, IN: Archway Publishing.
- Polanyi, M. ([1958]/1998). *Personal Knowledge: Towards a Post Critical Philosophy*. London: Routledge.
- Polanyi, M. ([1959]/2014). *The Study of Man*. Eastford, CT: Martino Fine Books.
- Revelli, M. (2019). *The New Populism: Democracy Stares into the Abyss*. London: Verso.
- Stjórnarráð Íslands (2019). *Vegaframkvæmdir – leiðir til fjármögnunar*. Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið. Sótt af https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/SRN_Skyrsla_Fjarmognun%20samgongukerfisins.pdf
- Svavar Sigmundsson (ritstj.) (2012). *Íslensk samheitaorðabók*. Reykjavík: Forlagið.
- van Dijk, T.A. (2002). „Political Discourse and Political Cognition“, í P. Chilton og C. Shaffner (ritstj.), *Politics as Text and Talk: Analytic Approaches to Political Discourse* (bls. 203-237). Amsterdam: John Benjamins Publishing Company.
- Vigotsky, L.S. (1962). *Thought and Language*. New York: Wiley.
- White, I.K. (2007). „When Race Matters and When it Doesn't: Racial Group Difference in Response to Racial Clues“, *American Political Science Review* 101(2), 339-54.
- Wittgenstein, L. ([1921]/2001). *Tractatus Logico-Philosophicus*. London: Routledge.
- Zembylas, M. (2010). „Critical Discourse Analysis of Multiculturalism and Intercultural Education Policies in the Republic of Cyprus“, *The Cyprus Review* 22(1), 39-59.
- Zerubavel, E. (2018). *Taken for Granted: The Remarkable Power of the Unremarkable*. Princeton: Princeton University Press.
- Zetter, L. (2014). *Lobbying: The Art of Political Persuasion*. Hampshire: Harriman House.

Viðauki

Tafla V1. Lýsandi niðurstöður um viðhorf til málefna þriggja, greindar eftir bakgrunnsbreytum

	Spilahallir		Spilavíti		Veggjöld		Vegtólar		Pungunarrof		Fóstureyðing							
	Fylg.	Hv.né	Andv.	Fylg.	Hv.né	Andv.	Fylg.	Hv.né	Andv.	Fylg.	Hv.né	Andv.						
Allir	13,4	16,5	70,2	13,6	16,1	70,2	31,1	13,2	55,7	25,2	13,0	61,9	52,8	21,8	25,3	57,3	15,2	27,4
Karlar	18,7	20,6	60,7	24,4	15,8	59,8	32,7	13,5	53,8	26,0	12,1	61,9	51,3	27,3	21,4	60,3	18,8	20,9
Konur	7,1	12,1	80,8	4,2	16,3	79,5	29,3	12,9	57,8	24,5	13,7	61,8	54,4	15,9	29,6	54,4	11,4	34,2
18-29	18,9	27,8	53,3	9,3	35,2	55,6	17,4	18,2	55,6	18,9	17,8	63,3	68,7	30,1	1,2	77,0	8,0	15,0
30-44	17,2	18,0	64,8	25,5	14,5	60,0	35,8	13,0	51,2	23,3	11,0	65,8	58,0	28,2	13,7	61,1	19,8	19,1
45-59	9,4	4,6	73,2	11,3	11,3	77,4	24,8	12,8	62,4	27,6	7,3	65	51,7	18,6	29,7	50,4	16,5	33,0
60 og eldri	9,3	7,0	83,7	6,2	6,2	87,6	35,2	9,9	54,9	29,5	17,9	52,7	38,6	12,9	48,5	39,8	15,0	45,1
Höfuðborg	14,4	16,0	69,6	16,5	14,9	68,6	34,7	14,6	50,8	28,0	15,2	56,8	56,2	20,0	23,8	60,3	15,5	24,2
Landsbyggð	10,9	17,3	71,8	9,0	18,1	72,9	24,4	10,0	65,6	20,5	9,1	70,5	47,1	21,8	25,4	51,6	14,9	33,5
Grunnskóli	11,5	19,1	69,5	10,3	23,4	66,2	30,8	15,4	53,8	15,0	13,4	71,7	34,6	37,8	27,6	53,8	13,8	32,3
Framhaldsskóli	15,6	18,5	65,9	14,9	16,1	69	28,8	9,2	62,0	24,9	12,7	62,4	54,2	19,6	26,2	56,4	16,9	26,7
Háskóli	11,7	12,4	75,9	14,0	10,0	76,0	32,2	16,8	51,0	36,5	12,8	50,7	70,4	11,3	18,3	63,3	13,6	23,1
440.000 >	14,0	15,1	70,9	6,7	16,7	76,7	23,3	17,6	60,0	17,9	13,1	69,0	51,7	29,9	18,4	56,8	14,8	28,4
401-600.000	17,4	14,5	68,1	13,2	18,7	68,1	24,2	11,0	64,8	19,7	9,1	71,2	52,0	17,3	30,7	54,4	11,4	34,2
601-900.000	11,5	14,9	73,6	12,3	9,9	77,8	33,3	6,0	60,7	20,2	15,5	64,3	51,3	23,1	25,6	58,8	10,0	31,1
901-1300.000	9,4	21,9	68,8	15,5	15,5	69,0	37,3	18,6	44,1	28,9	13,2	57,9	64,4	18,6	16,9	69,0	14,1	16,9
1300.000 >	12,5	16,3	71,3	29,6	11,3	59,2	45,9	17,6	36,5	46,1	9,2	44,7	68,5	15,1	16,4	61,0	19,5	19,5
Vinstri	8,4	15,9	75,7	3,3	11,6	85,1	23,4	12,6	64,0	19,7	12,8	67,5	55,6	27,8	16,7	69,5	10,2	20,3
Miðja	13,9	10,8	75,3	10,8	18,4	70,9	29,9	14,6	55,4	30,7	14,1	55,2	55,8	20,6	23,6	62,7	18,3	19,0
Hægri	21,4	23,8	54,8	33,3	9,5	57,1	44,3	11,5	44,3	32,7	12,7	59,5	50,4	16,0	33,6	54,8	11,5	33,7